

Merking göngu- og hlaupaleiða 2020

Lýsing verkefnis

Markmið verkefnisins var að taka göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir á map.is/gardabaer í gegn þannig að það væri þægilegra, skemmtilegra og aðgengilegra fyrir almenning og ferðamenn. Þetta fól í sér að merkja nýjar og eldri leiðir inn á kortið. Í hópnum voru Kári Georgsson, Sveinn Ingi Gylfasson, Guðmundur Bjartur Júlíusson og Haukur Georgsson.

Ákveðið var að skipta leiðum í Garðabæ upp í hringi af mismunandi stærðum sem allar myndu hafa mælda vegalengd, hækkun, tímann sem tekur að ganga leiðirnar og stutta lýsingu um leiðirnar á íslensku og ensku. Til þess að vera með sem bestar leiðir var unnið í samstarfi við hlaupahópa Stjórnunnar og skokkhóps Álftaness og vinsælar leiðir merktar inn. Hluti af þessu verkefni var unnin í samstarfi við eiganda Wapp smáforritsins til að setja inn á það leiðir í Garðabæ.

Ferli verkefnisins

Það var margt sem okkur fannst ganga vel í þessu verkefni. Meðal annars gekk vel að finna leiðirnar, ganga þær, taka myndir o.fl. Við þurftum að ganga allar leiðirnar með GPS tæki til þess að finna lengd, upphækkun, tíma og aðrar upplýsingar sem við þurftum.

Okkur fannst mjög gott að hafa aðgang að rafhjólum Garðabæjar, það sparaði okkur bæði tíma og vinnu. Einnig gátum við þá komist á staði sem voru lengra í burtu eins og Álftanesið eða Heiðmörk án þess að nota okkar einkabíl, eina vandamálið var að það voru aðeins tvö hjól svo við þurftum líka að nota einkabíl.

Verkefnið gekk að mestu vel en það voru nokkrir hlutir sem við festumst á eða tók óþarfa tíma. Eitt af þeim hlutum sem voru að hindra okkur var það að skipulagið var ekki nógu gott, þetta er fyrsta árið sem þetta verkefni hefur verið tekist á við og því var ekki kominn góð sýn hvernig ætti að takast á við það.

Fyrstu fjórir dagarnir fóru að stóru leiti spillis, það var vandamál með að koma upp aðgangi fyrir okkur svo við gætum byrjað að vinna og einn okkar er ekki enn kominn með fullan aðgang. Þegar við loks gátum byrjað að vinna þá náði tölvudeildin ekki að vinna á sama hraða og við og þar með þurftum við oft að breyta skjölunum okkar svo þau henti þeim betur til að setja inn á vefinn. Dæmi um þær breytingar voru til dæmis það að við þurftum að styttu allar lýsingar hjá okkur niður í aðeins 255 stafi og svo þurftum við að breyta leiðunum þannig þær

byrjuðu á bílastæðum sem voru umhverfis skóla eða sundlaugar til að almenningur væri ekki að leggja í einkastæði til að ganga þessar gönguleiðir. Okkur var heldur ekki skaffað GPS tæki sem hefði getað verið stórt vandamál ef tveir okkar hefðu ekki nú þegar átt gott GPS tæki til að taka niður punkta og rekja fótspor okkar.




Vorum mjög háðir veðri, ekki alltaf svona gott.

Ekki gátum við heldur farið út og unnið á hverjum degi vegna þess að við vorum háðir veðrinu til að geta tekið myndir, þegar það var gott veður og við gátum tekið myndir þá voru þær ekki alltaf í góðum gæðum því ekki allir voru með góða myndavél á símanum.

Þegar verkefnið hófst þá ákváðum við að byrja í miðjum Garðabæ og gera leiðir á því svæði. Við lentum á ýmsum hraðahindrunum en yfir heildina gekk sá hluti nokkuð vel. Næst tókum við Álfanesið en það tók töluvert styttri tíma vegna þess að bæði eru færri gönguleiðir á því svæði og við vorum komir upp á lagið með vinnubrögð. Þar á eftir tókum við Heiðmörkina en sá hluti gekk hægst vegna þess að við gátum ekki nýtt okkur rafhjólið á grófum stígum í Heiðmörkinni

og flestar leiðir í Heiðmörkinni eru töluvert langar. Einnig vantaði um 17.5 km af leiðum inn á kort Garðabæjar sem við þurftum sérstaklega að mæla til að fá GPX skrá og bæta inn og tók það mikinn tíma.

Vinnuskipulagið okkar var einfalt en það virkaði vel. Í lok hvers dags höfðum við skipulagt hvaða leiðir við ætluðum að fara næsta dag svo það var hægt að byrja strax um morguninn. Þegar við vorum búnir að fara leiðirnar og afla gögnum um þær komum við saman á tölvuveri í Garðaskóla og unnum þar í að gera lýsingar og setja heimildir inn. Það tók nokkurn veginn jafn langan tíma að fara leiðirnar og að gera lýsingar og setja heimildir inn.



Sólarhringurinn: Ein af lengri leiðunum sem vantaði inn á kortavef Garðabæjar.

Samantekt



Heildarmynd af leiðunum.

Allt í allt þá fannst okkur þetta vera skemmtilegt og eflandi verkefni þrátt fyrir nokkrar hraðahindranir og við erum þakklátir gangvart Garðabæ fyrir að hafa skaffað okkur vinnu á þessum erfiðu tímum. Við erum líka ánægðir með frammistöðu okkar og okkur tókst að skila verkefninu af okkur þremur vikum á undan áætlun. Við klárðum allar leiðir í Garðabæ, bættum við um 17.5 km af nýjum leiðum og skiluðum af okkur gangvart Wapp.

Gögnin má finna bæði inn á sér-sameign sem við unnum á (BS-Merking_GogH-leiða_GBR) og inni á BS-Sameign\Tækni- og umhverfissvið\Sumar_2020_gongu